

# VEIÐIMÁLASTOFNUNIN.



Sigurður Már Einarsson

Smáseiðasleppingar á laxaseiðum  
í þverár Blöndu 22-25 júlí 1982

Reykjavík  
október 1982

VEIÐIMÁLASTOFNUN

EINTAK BÓKASAFNS

## EFNISYFIRLIT

- I. INNGANGUR
- II. AÐFERÐIR VIÐ SMÁSEIDASLEPPINGAR
  - 2.1. Val á sleppistöðum
  - 2.2. Þéttleiki seiða
  - 2.3. Sleppitími seiða
- III. FRAMKVÆMD
- IV. HEIMILDIR

## I. INNGANGUR

Dagana 22-25 júlí 1982 fóru fram smáseiðasleppingar á laxaseiðum í nokkrar þverár Blöndu. Helstu markmið þessara sleppinga er að kanna framleiðslugetu þessara vatnsfalla á laxaseiðum (vöxtur, afföll o.fl.) og eru þessar sleppingar liður í þeirri úttekt sem Veiðimálastofnun er að gera á fiskstofnum Blöndu vegna fyrirhugaðra virkjunarfrankvæmda.

## II. AÐFERÐIR VIÐ SMÁSEIÐASLEPPINGAR

### 2.1. Val á sleppistöðum

Við val á sleppistöðum var haft í huga að hentugustu búsvæði fyrir laxaseiði í ám eru á smágrýttum og grýttum botni í meðalstraumi (0.5-1.0 m/sek) þ.e. á grýttum brotum (Karlström 1972). Á slíkum svæðum fá seiðin bæði skjól fyrir afræningjum og ennfremur er mesta fæðan þar til staðar því botndýr sem laxinn lifir á (rykmýslirfur, bitmýslirfur, vorflugulirfur ofl. teg.) eru í mestu magni við slíkar aðstæður. Ennfremur var haft mið af niðurstöðum Teits Arnlaugssonar í úttekt hans á þessum vatnsvæðum haustið 1981 (óbirt handrit).

### 2.2. Þéttleiki seiða

Þegar smáseiðum er dreift má þéttleiki ekki vera of mikill. Rannsóknir Veiðimálastofnunar í Hrútafjarðará (Arnlaugsson 1982) hafa leitt í ljós að hentugasti þéttleiki þar er 1 seiði á hverja 2 fermetra botnflatar en við þennan þéttleika er vöxtur bestur og afföll minnst. Við dreifingu smáseiða verður ennfremur að gæta þess að dreifa seiðunum jafnt yfir allt sleppisvæðið því laxaseiði dreifa sér lítið sjálf eftir sleppingu. Ef seiðum er dreift í of miklum þéttleika leiðir það til minnkandi vaxtar og aukinna affalla. Varðandi þéttleika laxaseiða á sleppistaði var höfð hliðsjón af niðurstöðum Veiðimálastofnunar í Hrútafjarðará og úttekt Teits Arnlaugssonar á vatnakerfi Blöndu.

### 2.3. Sleppitími seiða

Erlendar athuganir hafa sýnt að laxaseiði byrja lítið að vaxa fyrr en hitastig fer yfir 7°C (Allen 1940). Hentugasti sleppitími seiða er því um leið og ár fara að hlýna og æskilegt að sleppa ekki seinna en miðsumars. Eftir sleppingar þurfa laxaseiðin nokkurn tíma til að aðlagast nýjum og framandi aðstæðum og jafnframt er mikilvægt að nýta vaxtartímann yfir sumarið sem best og að seiðin séu sem best undirbúin undir veturinn.

### III. FRAMKVÆMD

Slepping laxaseiðanna fór fram dagana 22-25 júlí 1982 og var framkvæmd af tveimur starfsmönnum Veiðimálastofnunar. Seiðin voru fengin frá fiskeldisstöðinni á Sauðárkróki og var alls sleppt 12000 seiðum, 6000 í þverár Blöndu vestanmegin og 6000 í þverár Blöndu austanmegin. Í töflu 1 er sýndur sá fjöldi sem dreift var á hvern sleppistað í einstökum ám og á myndum 1-2 er staðsetning sleppistaða sýnd á kortum. Meðfylgjandi eru einnig hitamælingar sem gerðar eru sleppidagana (tafla 2) og lengdardreifing sleppi-seiða (mynd 3). Allir sleppistaðir voru merktir vandlega með girðingarstaurum úr jární sem málaðir voru gulir og auk þess voru staðirnir myndaðir.

### IV. HEIMILDIR

1. Arnlaugsson, T. 1982. Laxarannsóknir í Hrútafjarðará Framvinduskýrsla. Veiðimálastofnun. Handrit.
2. Karlström, Ö. 1972. Biotopval og besättningstætthet hos lax- og öringungar í svenska vattendrag. Thesis. Zoologiska Institutionen, Uppsala, 141 pp.
3. Allen, K.R. 1940. Studies on the biology of the early stages of the salmon (*Salmo salar*) I. Growth in the River Eden. J. Anim. Ecol 9:1-23.

Tafla 1: Dreifing sumaralinna laxaseiða á einstökum sleppistöðum í þverár Blöndu 22-25 júlí 1982.


Vatnsfall	Sleppistaður	Stærð svæðis m <sup>2</sup>	Fjöldi seiða
Kúlukvísl	Fyrir ofan vað	1000	500
	300 m f.neðan vað	1000	500
Seyðisá	2 km f.ofan vað	2000	1000
	500 m f.neðan vað	1000	1000
Beljandi	300 m f.ofan vað	1000	1000
Þegjandi	6 km f.ofan vað	1000	1000
	3 km f.ofan vað	1000	1000
Galtará	Neðan við ármót	2000	1000
	Fyrir neðan vað	1000	1000
Haugakvísl	Fyrir ofan vað	4000	2000
Herjólfsl.	Fyrir ofan ármót	4000	2000

Tafla 2:

Hitamælingar sem gerðar voru í  
þverám Blöndu 22-25 júlí 1982.


Vatnsfall	Staður	Dagsetning	Tími	Vatnshiti °C
Galtará	Fyrir neðan vað	23.07	16 <sup>30</sup>	11.8
	Fyrir neðan ármót	23.07	17 <sup>30</sup>	10.8
Haugakvísl	Fyrir ofan vað	23.07	18 <sup>45</sup>	12.4
Herjólfsl.	Fyrir ofan ármót	23.07	21 <sup>00</sup>	11.6
Kúlukvísl	Fyrir neðan vað	24.07	14 <sup>20</sup>	12.3
Seyðisá	2 km f.ofan vað	24.07	15 <sup>50</sup>	11.2
	500 m f.n. vað	24.07	16 <sup>45</sup>	9.6
Beljandi	300 m f.o. vað	24.07	17 <sup>50</sup>	7.0
Þegjandi	3 km f.ofan vað	24.07	18 <sup>30</sup>	8.5
	6 km f.ofan vað	24.07	19 <sup>30</sup>	9.2

MYND 1 : SLEPPISTADIR LAXASEIBA Í ÞVERAÐ BLÁNDU VESTANMEGIN.




■ : SLEPPISTADIR LAXASEIBA

1:100 000



MYND 2 : SLEPPISTADIR LAXASEIBA Í ÞVERRÁR  
BLÖNDU AUSTANHEGIN.



1:100 000





MYND 3 : LENGDAROREIFING SLEPPISEIDA SEM DREIFT  
VAR Í ÞVERÁR BLÖNDU

